



### *Alþjóða esperantosambandið (UEA)*

Ávarp á 10. þingfundum Samráðsvettvangs um minnihlutahópa.  
Höll þjóðanna, SP, Genf, 30. nóvember-1. desember 2017.

### *Alhliða uppræðsla og þátttaka ungmenna, sem tilheyra minnihlutahópum, í opinberu lífi.*

Herra forseti, herra sérstakur upplýsingafulltrúi, kærur fulltrúar þjóðarbrotta, eða trúar- og tungumálahópa, kærur þátttakendur, komið þið sælir! *Saluton!*

Ég heiti **Stefán Keller** og ég mun ásamt félögum mínum, sem hér eru, kynna **Alþjóða esperantosambandið (UEA)**, heimssamtök þeirra sem mæla á alþjóðatunguna Esperanto. Ólíkt öðrum tungum hefur Esperanto enga heimsvaldasinnaða tilhneigingu til landvinninga, og engin tengsl við hagsmunahópa um efnahagsleg málefni eða stjórnmál. Hún er tunga þeirra sem velja að nota hana, og hún skapar tungumálajafnrétti í samskiptum þjóða.

Alþjóða esperantosambandið ver rétt allra minnihlutahópa og allra frumbyggja til að halda tungu sinni og hefur gert það í meira en heila öld.

Nær allir sem að málinu hafa komið hafa nefnt að ungmenni í minnihlutahópum hafi ekki tæk á að afla sér menntunar á sinni eigin tungu.

Rétturinn til að öðlast menntun á móðurmáli sínu er grundvallarréttur, því að á móðurmáli okkar byrjum við að uppgötva heiminn, hafa samskipti við aðra. Á móðurmáli sínu gengur öllum best að læra og mennta sig. Samband okkar styður kröftuglega við viðleitni til þess að ná því markmiði að allir eigi kost á því.

Við viljum einnig minna á að nám í Esperanto er einstakur grunnur til að byggja á til þess að læra aðrar tungur en móðurmálið og stuðlar þannig að því að vekja virðingu fyrir öðrum þjóðum.

### Ráðleggingar

Kærur þátttakendur, meðlimir minnihlutahópa og þeir sem ákvarðanir taka, ég hvet ykkur mjög til þess að læra og nota Leiðarvísi um hvernig hægt er að koma á tungumálajafnrétti fyrir minnihlutahópa. \*

*Ég þakka ykkur áheyrnina og sérstaklega þakka ég túlkunum og félögum þeirra og táknaðstúlkum fyrir þeirra mikilvæga starf! Kærar þakkir! Dankon!*

*íslenska: Kristján Eiríksson*

[www.uea.org](http://www.uea.org) | [www.esperanto.net](http://www.esperanto.net) | [www.lernu.net](http://www.lernu.net) | <http://www.linguistic-rights.org>  
[Vigdís Finnbogadóttir](#) | [Jafnrétti til tjáningar](#) | [Esperanto í 125 ár](#) | [Litla pappírslugga](#)  
<https://en.duolingo.com/course/eo/en/Learn-Esperanto-Online>